

Nr. 22-047 S 033 Amelía Rose***Farþegi féll niður stiga***

Skipaskr.nr. 2856
Útgerð: Seatrips ehf
Smíðaður: ASTILLERO BELLOT 2003, Stál
Stærð: 191 BT.
Mesta lengd: 34.14 m Skráð lengd: 26,76 m
Breidd: 7.45 m Dýpt: 1,96 m
Vél: CATERPILLAR 673 kW, 2003
Fjöldi skipverja: 5
Fjöldi farþega: 44

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirþúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 11. janúar 2023 var Amelía Rose í norðurljósasiglingu á Faxaflóa. Veður NA 3 m/s og sléttur sjór (gráð).

Farþegi sem var á útsýnissvæði ofan á stýrishúsi skipsins féll niður stiga, fékk höfuðhögg og missti meðvitund.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Hér má sjá stigann sem farþeginn féll niður. (sjá mynd 1)



Mynd 1 Stiginn þar sem farþeginn féll niður

- Á stiganum eru handrið beggja vegna og þrepin stöm.
- Skipstjóri upplýsti að leiðsögumenn kynna farþegum hvernig eigi að ganga niður stiga í skipinu þ.e. þeir eigi að hafa stigann í augnsýn.
- Farþeginn, sem var í háhæluðum skóm, snéri baki í stigann þegar hann gekk niður hann.
- Ekki tókst að hafa upp á vitnum þar sem þeir voru farnir úr landi þegar þeirra var leitað en eftir slysið hafði það verið nefnt við skipverja að slasaði hafi verið að snúa sér í efsta þrepinu og þá dottið.
- Slasaði var fluttur með sjúkrabíl á neyðarmóttöku um leið og skipið kom til hafnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.